

Fyrirvari við lagafrumvarp
um
fiskveiðar utan lögsögu Íslands

Undirritaðir fulltrúar Sjómannsambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands í nefnd, sem vinnur að undirbúningi frumvarps til laga um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands, vilja við afgreiðslu þess úr nefndinni taka fram eftirfarandi.

Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra geti úthlutað veiðiheimildum til einstakra skipa á grundvelli veiðireynslu á viðkomandi svæði utan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Komi til þess að ráðherra beiti þessari heimild og úthluti aflahlutdeild eða sóknardögum verður að tryggja með viðeigandi lagaákvæði að framsal úthlutaðra réttinda verði óheimil milli veiðiskipa með einni undantekningu. Aðeins verði leyfilegt að skipta á jöfnum veiðiheimildum samkvæmt viðurkenndum verðstuðlum Fiskistofu fyrir viðkomandi tegundir á viðkomandi veiðisvæðum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Undirritaðir telja að umræddar veiðiheimildir séu sameign þjóðarinnar og einungis sé um úthlutaðan notkunarrétt á auðlindinni að ræða til útgerðar og sjómanna. Nauðsynlegt er að stjórnvöld gefi fljótt út þá yfirlýsingu að veiðiheimildir utan fiskveiðilögsögunnar verði ekki framseljanlegar til að koma í veg fyrir rangar væntingar meðal útgerða sem hyggjast gera út fiskiskip sín á viðkomandi veiðisvæði með það í huga að afla veiðireynslu og veiðiheimilda til þess að selja með tilheyrandi söluhagnaði.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lagafrumvarpinu um fiskveiðar utan lögsögu Íslands:

1. Nýjar mgr. sem bætast við 2. gr.:

Framsal veiðiheimilda sem úthlutað er samkvæmt lögum þessum er óheimil, nema um sé að ræða jöfn skipti milli tegunda í aflamarki samkvæmt mati Fiskistofu.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og öðlast hún ekki gildi fyrir en stofan hefur staðfest móttöku tilkynningar um skiptin frá þeim, sem hlut eiga að máli.

2. Síðasta mgr. 5. gr.:

a) Í stað 3% komi 4%.

b) Nýr málslíður bætist við mgr.:

Þessi sérstaka úthlutun skal einungis gilda þann tíma sem skipið er í eigu sama aðila sem hóf tilgreindar veiðar.

Greinargerð:

Hér er gert ráð fyrir að verði skip selt, sem upphaflega fékk úthlutaða umrædda sérstaka veiðiheimild, skal hún falla niður og úthlutað til allra skipa sem stunda veiða í viðkomandi tegund.

3. 5. mgr. 6. gr. orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hluteild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað samkvæmt 2. mgr.

4. Síðasta mgr. 6. gr.:

- a) Í stað 5% komi 4%.
- b) Nýr málsliður bætist við mgr.:

Þessi sérstaka úthlutun skal einungis gilda þann tíma sem skipið er í eigu sama aðila sem hóf tilgreindar veiðar.

5. Nauðsynlegt er að skipta lagafrumvarpinu upp í fleiri kafla og lagagreinar. Sumar lagagreinar eru fullangar og hafa að geyma ólík ákvæði sem má skipta niður í viðeigandi greinar.

Barn W

Reykjavík, 14. maí 1996.

Eindbjörn D. Kristjánsson
Róskar Sigfússon